

Grænaborg, skólinn minn



Símanúmer

Aðalnúmer - 411 4470

Leikskólastjóri - 411 4471

Dropadeild - 411 4472

Sólskinsdeild - 411 4473

Mánadeild - 411 4474

Stjörnudeild - 411 4475

Sérkennslustjóri/tengiliður - 411 4481



Velkomin í leikskólann

Hjartanlega velkomin í leikskólann Grænuborg. Það er virkilega gaman að fá ykkur í hóp Grænuborgara.

Leikskólinn Grænaborg er við Eiríksgötu 2a, efst á

Skólavörðuholtinu. Hann er rekinn af Reykjavíkurborg.

Skólanum er skipt í fjórar aldurskiptar deildir sem heita Dropadeild, Mánadeild, Stjörnudeild og Sólskinsdeild. Þar til viðbótar er í skólanum salur, listasmiðja, sérkennslurými, eldhús og vinnuaðstaða kennara. Garðurinn okkar er stórt leiksvæði með rennibraut, sandkössum, rólum og fleiru.

Í skólanum eru 78 börn og eru þau á aldrinum tveggja til sex ára. Í skólanum er 20-30 starfsmenn sem sinna ýmsum störfum.

Leikskólinn er opinn frá 7:45-16:30



Gildin okkar

Gleði – gleðjumst með börnunum, samstarfsfólkinu og foreldrum. Sýnum gleði í samskiptum og í umgengni við umhverfi okkar.

Umhyggja – sýnum umhyggju í samskiptum og vinnu, látum okkur aðra varða og sýnum það í orði og verki.

Vinsemd – verum vinir og komum fram af vináttu, sýnum kærleik og látum alla finna fyrir mikilvægi hvers og eins.

Virðing – sýnum hvert öðru að við virðum hvert annað. Umhverfinu þarf einnig að sýna virðingu. Gerum og segjum hluti til að sýna að við berum virðingu fyrir hvert öðru og umhverfi okkar.





Gildislagið okkar

Í Grænuborg eru fjögur gildi
Fjögur gildi sem spegla okkar starf.
Öll við vinnum með þessi gildi
bak við eyrað í Grænuborg.
Eitt er gleði,
annað virðing,
þriðja vinsemd,
og fjórða umhyggja.
Öll þau eru mjög gagnleg gildi
gildin okkar í Grænuborg.

Lag: Malvina Reynolds(litlir kassar).

Texti: Þóra Pétursdóttir



Dvalarsamningur og viðvera

Í upphafi leikskólagöngunnar gera foreldrar samning um dvalartíma barna sinna. Mikilvægt er að virða þann samning, allt skipulag skólans miðast við skráðan viðverutíma barnsins.

Dvalarsamningi er hægt að breyta ef þess er óskað og breytast þá gjöldin í samræmi við það. Sótt er um breytingar á dvalartíma í gegnum foreldravef Völu sem hægt er að nálgast [hér](#)

Sækja þarf um breytingar með eins mánaðar fyrirvara. Dvalarsamningi þarf að segja upp með eins mánaðar fyrirvara. Uppsögn miðast við 1. eða 15. hvers mánaðar. Borgað er gjald fyrir hvern mánuð. [Hér](#) er hægt að skoða gjaldskrána.

Reglur um leikskólaþjónustu er hægt að nálgast [hér](#)



Aðlögun

Gert er ráð fyrir að það taki um það bil viku að aðlaga barn í leikskóla. Við upphaf leikskóladvalarinnar fær forráðamaður nánari tímasetningu aðlögunar.

Börn sem fá góða aðlögun í upphafi eru yfirleitt öruggari og sáttari með hið nýja umhverfi. Auk þess gefur aðlögunartíminn foreldrum gott tækifæri til þess að kynnast starfsemi leikskólans.

Aðlögun á yngstu deildunum kallast þátttökuaðlögun, sem þýðir að foreldrar eru með barninu fyrstu þrjá dagana í leikskólanum. Síðustu tvo daga aðlögunarinnar er vistunartíminn skertur eða styttri en skráður vistunartími barnsins segir til um. Dagana á eftir mætir barnið svo í samræmi við vistunartíma eða eftir samkomulagi við foreldra.



Samstarfs- og skipulagsdagar

Samstarfs- og skipulagsdagar starfsfólks eru 6 heilir dagar, sem stundum er skipt upp í hálfa daga á skólaárinu. Þeir eru meðal annars nýttir til fræðslu, endurmenntunar og skipulagsvinnu fyrir starfsfólkið. 3 dagar af 6 eru sameiginlegir með skólum í hverfinu.

Samstarfs- og skipulagsdagar fyrir skólaárið 2025-2026

- 22. ágúst - lokað allan daginn
- 02. október - lokað allan daginn
- 28. nóvember - lokað eftir hádegi frá 12:30
- 06. febrúar - lokað allan daginn
- 27. mars - lokað allan daginn
- 04. maí - lokað allan daginn
- 07. júlí - lokað eftir hádegi frá 12:30



Dagsetningar eru birtar með fyrirvara um breytingar



Skráningardagar

Á skráningardögum er vistun valkvæð og leikskólagjöld felld niður fyrir þá daga sem barnið er í fríi. Öll börn eru skráð í frí og þarf að sækja sérstaklega um að barnið sé í skólanum þessa daga og þar að greiða fyrir þessa daga aukalega. Almenna reglan er sú að skráningardagar fylgi frídögum grunnskóla borgarinnar í kringum páska, vetrarfrí og jól.

[Skráning fer fram á Mínum síðum Reykjavíkurborgar.](#)

Frekari upplýsingar um skráningardaga er hægt að nálgast á [heimasíðu Reykjavíkur](#)

Skráningardagar skólaárið 2025-2026

24. og 27. - 28. október 2025







29. - 30. desember 2025

19. - 20. febrúar 2026

30. - 31. mars - 01. apríl 2026

Dagskipulag

Hér er hægt að sjá hugmynd af dagskipulagi sem er misjafnt eftir deildum. Dagskipulagið er sett upp á myndrænan hátt eins og sést hér að neðan. Dagskipulagið er hugsað til þess að leiðbeina börnunum í gegnum daginn.





Fatnaður

Leikskóla föt eru vinnuföt barnanna og þurfa því að vera þægileg og gefa börnunum möguleika á að leika sér frjálst og taka þátt í öllu starfi eins og t.d. myndlist, hreyfingu og útiveru. Fötin verða að geta þolað hnjask. Mikilvægt er að merkja fötin, sérstaklega útifatnað. Aukaföt eru geymd á baðherbergjum deilda í merktum körfum fyrir hvert barn. Foreldrar bera ábyrgð á því að fylla á körfur eftir þörfum. Mikilvægt er að foreldrar komi með taupoka undir óhrein föt sem eiga að fara heim.

auka föt



vetrarföt




vor og sumar föt





Leikskólastarf í fjölbreyttri veðráttu



Lögð er mikil áhersla á að börnin komist út að leika sér að minnst einu sinni á dag. Við förum út að leika í öllum veðrum, hvort sem það er snjór, rigning, rok eða sól og blíða.

Í útiveru hafa börnin meira rými til hreyfingar. Þar eru þau í frjálsum leik og hitta jafnvel börn af öðrum deildum. Í útiveru er einnig farið í vettvangsferðir út í náttúruna eða að heim-sækja skemmtilega staði eins og söfn og aðra leikvelli.

Veður getur verið mjög breytilegt og er þess vegna mikilvægt að börnin séu með fatnað sem passar við allskyns veður, hvort sem það er rigning, rok, snjór eða sól.



Barnið kemur og fer

Þegar komið er með barnið í leikskólann og þegar það er sótt er nauðsynlegt að láta starfsfólk viðkomandi deildar vita, þetta á sérstaklega við um þegar börnin eru í útiveru. Miðað er við að sá sem kemur með eða sækir barnið í leikskólann sé ekki yngri en 12 ára. Nauðsynlegt er að hringja og láta skólann vita ef einhverjir aðrir en þeir sem eru skráðir koma að sækja barnið.

Við biðjum foreldra um að hringja til að láta vita eða skrá í Völu ef barn kemur ekki í skólann af einhverri ástæðu. Mikilvægt er að fá þessar upplýsingar fyrir kl. 10 á morgnana til þess að auðvelda yfirsýn.

Í garðinum okkar eru tvö hlið. Hliðin verða að vera lokað á öllum tímum, bæði þegar börnin eru úti og inni. Foreldrar eru vinsamlega beðnir að láta þá sem koma með og sækja börnin í leikskólann vita af þessu. Einnig bendum við foreldrum á að það mega eingöngu fullorðnir opna hliðið. Þetta gerum við til þess að tryggja öryggi barnanna í garðinum.





Tenglar að upplýsingum um leikskóla- starf á fjölbreyttum tungumálum

- [Heimasíða Grænuborgar](#)
- [Hátíðsdagar og siðir](#)
- [Brúarsmiðir – tvítyngisráðgjafar](#)
- [Hér](#) er fræðsla um leikskólakerfið á fjölbreyttum tungumálum
- [Málþroski 3-6 ára](#)
- [Myndapema](#)

